



Alþýðusamband Íslands

Fréttamolar

Frá skrifstofu ASÍ

25. maí 2020 – 147. tbl.

Ábyrgðarmaður: halldor@asi.is

Efnisyfirlit¹:

- Af vettvangi miðstjórnar ASÍ
- Rétt leiðin – Frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll
- Samstaða um bætt lífskjör - Samtök launafólks standa með Öryrkjabandalagi Íslands
- Fagorðalisti ferðapjónustunnar

☑ Af vettvangi miðstjórnar ASÍ

Fjarfundur var haldinn í miðstjórn ASÍ 20. maí sl. Á fundinum var fjallað um málefni Bjargs íbúðafélags, samskipti við stjórnvöld og viðbrögð við COVID 19, lærdóm og viðbrögð vegna óhefðbundinna ráðningarkjara og stöðuna í ferðapjónustunni, kjaradeilu Flugfreyjufélagsins og Icelandair, tilnefningar, auk annars.

Áður en gengið var til boðaðrar dagskrár upplýsti forseti ASÍ um að daginn áður hafi fulltrúar fjögurra heildarsamtaka launafólks ásamt Öryrkjabandalaginu undirritað yfirlýsingu með yfirskriftinni „Samstaða um bætt lífskjör - Samtök launafólks standa með Öryrkjabandalagi Íslands“ þar sem krafist er að hagur öryrkja verði bættur öllum til hagsbóta. Yfirlýsingin er í samræmi við það sem var rætt í miðstjórn í lok síðasta árs. Einnig kom fram að fyrr um daginn hafi verið send út sérstök yfirlýsing til stuðnings Flugfreyjufélagi Íslands þar sem Alþýðusamband Íslands mótmælir harðlega því sem lýst var í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu um morguninn sem hugsanlegum viðbrögðum Icelandair í kjaradeilu félagsins við Flugfreyjufélag Íslands.

Björn Traustason, framkvæmdastjóri Bjargs íbúðafélags, mætti á miðstjórnarndinn. [Í upphafi fjallaði hann um stöðuna almennt hjá Bjargi](#). 223 íbúðir eru komnar í leigu og 313 eru komnar á framkvæmdastig. Í það heila eru yfir eitt þúsund íbúðir undir hjá Bjargi núna. Þá fjallaði Björn um samstarfsaðila Bjargs við uppbygginguna og lagði áherslu á að þeir væru fjölmargir. Einnig sagði hann verkefnin ganga vonum framár. Þá sagði Björn frá því að Bjarg hafi boðið leigutökum að fresta greiðslum á leigu í ljósi COVID-19, Enn sem komið er hafa aðeins tveir leigutakar sótt um slíkt.

¹ **Fréttamolarnir** eru sendir til miðstjórnar ASÍ, formanna allra aðildarsamtaka ASÍ, stjórnar ASÍ-UNG og tengiliða aðildarfélaganna ASÍ samkvæmt tölvupóstföngum skrifstofu ASÍ. **Aðildarfélagunum er frjálst og þau eru hvött til að dreifa Fréttamolunum áfram til stjórnar, trúnaðarráðs, trúnaðarmanna og starfsmanna félaganna.**

Því næst fjallaði Björn um tillögur að breytingum á samþykktum Bjargs. Tillögunum er ætlað að færa samþykktirnar til samræmis við lögin um almennar íbúðir og aðra löggjöf, reynsluna sem fengist hefur og starfsemi Bjargs.



Bjarg íbúðafélag byggir 74 leiguíbúðir á Gelgjutanga í Reykjavík

Miklar umræður urðu um starfsemi Bjargs og verkefni þess. Rætt var hvort eðlilegt eða rétt væri að leiguverð verði samræmt án tillits til framleiðslukostnaðar. Bent var á að þetta ætti að geta verið möguleiki. Á móti var bent að þetta hafi ítrekað verið rétt í stjórn Bjargs og niðurstaðan alltaf verið sú að láta leiguverð ráðast af kostnaði við hvern áfanga fyrir sig. Þá var skýrt hvernig fulltrúar leigutaka koma inn í fulltrúaráðið eftir því sem afhentum

íbúðum fjölgar.

Að lokinni umræðu voru tillögurnar að breytingu á samþykktum Bjargs samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

Loks skýrði Björn drög að reikningum Bjargs og gerði grein fyrir helstu niðurstöðum.

Undir dagskrárliðnum „Samskipti við stjórnvöld og viðbrögð við COVID 19 – staðan“ gerði forseti ASÍ grein fyrir vinnu ASÍ og viðbrögðum við þriðja aðgerðapakka stjórnvalda. Þá vísaði hún til funda með þingnefndum þar sem áherslum og umsögnum ASÍ er fylgt eftir. Hún lagði áherslu á að fyrirtæki sem fái háar fjárhæðir úr sameiginlegum sjóðum landsmanna þurfi að uppfylla skýr skilyrði. Þá ræddi hún um að rök ASÍ fyrir að rétt geti verið að samfélagslegir sjóðir styðji fyrirtæki til að greiða uppsagnarfrest starfsmanna og benti á að þetta snúist um hagsmuni starfsmanna fyrirtækja sem líklegast yrðu annars gjaldþrota með þeim alvarlegu afleiðingum sem það hefði fyrir launafólk. Spurt var um stöðuna varðandi húsnæðisfrumvörpin, fyrstu kaupin og verðtrygginguna. Fram kom að ASÍ hafi skilað inn athugasemdum við frumvarpsdrög sem fyrir liggja og fylgt þeim eftir. Þess er vænst að frumvörpin verði lögð fram á Alþingi á allra næstu vikum.



Undir dagskrárliðnum „Óhefðbundin ráðningarkjör/ferðapjónustan – lærdómur og viðbrögð“ fjallaði fyrsti varaforseti um þann hóp launafólks og einyrkja sem er með „óhefðbundna“ ráðningarsamninga eða ráðningarsamband við sína atvinnurekendur og kaupendur á þjónustu þeirra. Hann fjallaði um reynsluna og lærdóminn af samdrættinum í atvinnulífinu og á vinnumarkaði núna og hvað er

hægt að gera og lýsti með dæmum því réttleysi og vandamálum sem komið hafa upp. Sem dæmi um h+opa sem hafa lent illa út úr samdrættinum núna nefndi hann sem dæmi kvikmyndagerðarfólk, tæknifólk í tengslum við margs konar viðburði, leiðsögumenn o.fl.

Samþykkt var að stofnaður verði sérstakur starfshópur á vettvangi ASÍ með fulltrúum framangreindra hópa og fleiri sem þar eiga heima og starfsmanna ASÍ. Verkefni hópsins er að:

a. Greina stöðu hópa með „óhefðbundna“ ráðningarsamninga og þá veikleika sem komið hafa í ljós á kjörum þeirra og réttindum.

b. Horfa til framtíðar og með hvaða hætti megi tryggja kjör og réttindi þessara hópa.

Þá var gerð grein fyrir minnisblaði um ferðapjónustuna og sýn á framtíð hennar. Í inngangi minnisblaðsins segir: „Markmiðið á að vera atvinnugrein sem byggir á gæðum, skapar góð og örugg störf, þar sem réttindi samkvæmt kjarasamningum og lögum eru virt og þar sem erlend fyrirtæki sem hér starfa lúta sömu reglum og hafa sömu skyldur gagnvart íslensku samfélagi og innlend.“



Miklar umræður urðu um málið. Að lokinni umræðu var samþykkt tillaga um að kalla saman fulltrúa aðildarfélaga sem hafa starfsmenn í ferðapjónustunni meðal félagsmanna til að fjalla um næstu skref.

Undir dagskrárliðnum var kynnt 3ja mánaða uppgjör fyrir ASÍ. Þá gerði forseti grein fyrir „Réttu leiðinni“ sem samþykkt var á síðasta miðstjórnarfundum og sagði þetta skjal hafa skipt

miklu máli við að ná ákveðnu frumkvæði í umræðunni og beina sjónunum að framtíðinni í stað þess að vera að bregðast við orðnum hlutum. Efninu verður frekar fylgt eftir á næstunni. Þá kynnti Drífa annað framlagt efni. Hún vakti sérstaklega athygli á áhugaverðu minnisblaði um jafnrétti kynjanna í skugga Kórónaveirunnar.



Þá urðu miklar umræður um stöðuna í kjaradeilu Flugfreyjufélagsins og Icelandair. Formaður Flugfreyjufélagsins gerði grein fyrir stöðu mála. Hún sagði með ólíkindum hvað Icelandair er að leggja til varðandi kjaraskerðingar, lengri vinnutíma og skerðingar á hvíldartíma og benti jafnframt á að þetta væri ekkert nýtt eða tengdist COVID-19 sérstaklega.

Kröfur Icelandair hafi verið á borðinu frá því samningaviðræður hófst fyrir 17 mánuðum síðan með ýmsum tilbrigðum. Framganga fyrirtækisins væri vanvirðandi gagnvart flugfreyjum og flugþjónum og með öllu óásættanleg. Fram kom að Flugfreyjufélagið hafi boðið miklar tilslakanir og möguleika til hagræðingar. Þá kom fram að Icelandair hefur nú verið að sækja ráðgjöf til bandaríks fyrirtækis sem er þekkt fyrir að vinna að því að brjóta á bak aftur baráttu stéttarféлага og skerða starfskjör og réttindi launafólks.

Miklar umræður urðu um málið og kom fram stuðningur við baráttu flugfreyja en jafnframt hörð gagnrýni á framgöngu Icelandair og forstjóra þess. Að lokinni umræðu var [samþykkt ályktun um kjaraviðræður Flugfreyjufélags Íslands og Icelandair til stuðnings flugfreyjum](#).

Loks greindi forseti frá því að forsetar ASÍ væru nú á hringferð um landið, bæði í eiginlegri merkingu og í gegnum fjarfundarbúnað.

☑ Réttaleiðin – Frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll



RÉTTALEIÐIN
Frá kreppu til lífsgæða og
öryggis fyrir okkur öll



Á aukafundi miðstjórnar ASÍ 12. maí sl. voru samþykktar áherslur Alþýðusambandsins þar sem horft er bæði til skemmri og lengri tíma.

Á tímum kreppu og allsherjar samdráttar, ekki bara á Íslandi heldur í heiminum öllum, þarf að vinna eftir skýrri framtíðarsýn. Alþýðusamband Íslands hvetur stjórnvöld og þjóðina alla til samstöðu um aðgerðir til að marka veginn frá kreppu til lífsgæða fyrir okkur öll. Stokkum spilin. Höfnum sérhagsmunum, eflum grunnstoðirnar og setjum fólk í öndvegi.

Alþýðusamband Íslands leggur hér fram framtíðarsýn um uppbyggingu Íslands undir yfyrskriftinni Réttaleiðin – frá kreppu til lífsgæða og öryggis fyrir okkur öll. Tillögurnar eru í

takti við stefnu alþjóðlegu verkalýðshreyfingarinnar um réttlát umskipti (e. Just Transition) og sækja í alþjóðlega umræðu um grænan samfélagsátttmála (e. Green New Deal). Unnið er eftir viðmiðum Alþjóðavinnuálagstofnunarinnar um að atvinnusköpun skuli vera í fyrirrúmi við aðgerðir gegn kreppunni.

Lagðar eru fram metnaðarfullar tillögur um að skapa atvinnu á nokkrum tilteknum sviðum sem eru til þess fallnar að byggja fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf þar sem allir sem vilja geta fengið störf við hæfi. Sett er fram skýr framtíðarsýn um framfærslutryggingu, traust húsnæði, öfluga innviði og gjaldfrjálsa grunnþjónustu en með þeim hætti býr Ísland sig undir fyrirsjáanlegar breytingar á atvinnu- og lífnaðarháttum og tryggir að þær verði ekki til að auka á ójöfnuð og fátækt. Til þess þarf vinnumarkaðurinn jafnframt að byggja á traustum ráðningarsamböndum, skipulagðri verkalýðshreyfingu og kjarasamningum, auk þess að styðja gott samspil vinnu, fjölskyldulífs og frístunda.

Nánari útfærslur er að finna í þessum [bæklingi](#).

☑ Samstaða um bætt lífskjör - Samtök launafólks standa með Öryrkjabandalagi Íslands



ASÍ, BSRB, BHM, KÍ og ÖBÍ skrifuðu í dag undir sameiginlega yfirlýsingu þar sem þess er krafist að hagur öryrkja verði bættur. Kröfurnar eru settar fram í þremur liðum:

1. Lágmarksframfærsla öryrkja verði hækkuð þannig að fólki sé gert kleift að lifa mannsæmandi lífi.
2. Skerðingar verði endurskoðaðar þannig að þær standi ekki í vegi fyrir þátttöku á vinnumarkaði, hvort

sem er að hluta eða tímabundið og að dregið verði úr tekjuskurðingum vegna lífeyristekna.

3. Störf með viðeigandi aðlögun og sveigjanlegum vinnutíma verði tryggð fyrir fólk með skerta starfsgetu.

Í yfirlýsingunni segir m.a. að það sé allra hagur að bæta kjör öryrkja og sjá til þess að enginn sé dæmdur til fátæktar þó starfsgeta láti undan. Það er dýru verði keypt fyrir alla þegar fólk er svipt virðingu og getu til athafna.

Hér má lesa yfirlýsinguna í heild sinni.

☒ **Fagorðalisti ferðapjónustunnar**



**Hæfnisetur
ferðapjónustunnar**

Tæplega 160 orðum hefur verið bætt við fagorðalista ferðapjónustunnar undir floknum hópferðabílstjórar. Hægt er að hlusta á framburð orðanna á íslensku og ensku. Þar má finna orð eins og brottför,

rútuáætlun, brú, fararstjóri, miði og sprungið dekk, en líka fyrirmæli eins og vinsamlegast spennið öryggisbeltin og get ég aðstoðað?

Fagorðalisti ferðapjónustunnar er frábært tæki fyrir starfsfólk til að læra orð og frasa innan ferðapjónustunnar. Fagorðalistinn er á þremur tungumálum og inniheldur, auk orða fyrir hópferðabílstjóra, orð fyrir móttöku, þrif og umgengni, eldhús, afþreyingu og þjónustu í sal.

Fagorðalistinn er opinn öllum á heimasíðu Hæfniseturs ferðapjónustunnar og hægt er að æfa sig hvar og hvenær sem er.

Sjá orð fyrir hópferðabílstjóra [hér](#).

Sjá fagorðalista ferðapjónustunnar [hér](#).